

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0046
LA

Efni: Umsögn um rannsóknarleyfi vegna Svansvirkjunar í Þverá, Bjarnarfirði

Vísað er til tölvupósts frá Orkustofnun, dags. 23. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknarleyfisumsókn Smávirkjana ehf. vegna Svansvirkjunar í Þverá í Bjarnarfirði. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára til að afla þekkingar á aðstæðum á svæðinu vegna frumhönnunar virkjunar, afla fullnægjandi gagna vegna tilkynningaskyldu framkvæmda um mat á umhverfisáhrifum og meta hagkvæmni virkjunarinnar. Svansvirkjun er metin vera um 1,7 MW og gefa möguleika á 8 GWh af raforku. Afmörkun rannsóknarsvæðisins kemur fram í greinargerð (hnitsett) en flatarmál svæðisins er ekki tiltekið. Vatnasvið er metið vera 14,7 km² að stærð.

Náttúrufræðisráðgjafi á Vestfjörðum er almennt ábótavant. Nákvæm jarðfræðikort yfir berggrunn og jarðgrunn eru ekki til fyrir rannsóknarsvæðið og rannsóknir á lífríki straum- og stöðuvatna vantar. Kanna þarf vistgerðir með hátt verndargildi og hvort vástategundir finnast innan svæðisins. Gera þarf sérstaka úttekt á fuglalífi rannsóknarsvæðisins.

Í rannsóknaráætlun kemur fram að farið verður m.a. í jarðfræðisráðgjafi, berggrunnur kannaður og leitað að heppilegu byggingarefni á svæðinu s.s. fyrir vegagerð, stíflugerð o.fl. Í tengslum við það verður líklega þörf á könnunarholum innan svæðisins. Fram kemur á bls. 9 að „Ekki er gert ráð neinu raski á svæðinu vegna rannsókna sem kalla á stórvirkar vélar, tæki eða mannvirki af neinu tagi.“

Rannsóknarsvæði Svansvirkjunar er að mestu óraskað. Náttúrufræðistofnun mælist alfarið gegn því að ruddir verði slóðar upp á heiðina til rannsókna en frekar leitað annarra leiða. Ef þörf er á könnunarholum mælist Náttúrufræðistofnun til þess að það sé gert með tillitssemi við náttúru og umhverfi, að öllu raski sé haldið í lágmarki og frágangur þess vandaður, með það að sjónarmiði að varðveita náttúrulega ásýnd svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við rannsóknarleyfi vegna Svansvirkjunar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsviði

